

Sp. 32. Tillaga til þingsályktunar

um flutningastyrk til hafnleysishéraða landsins.

Flm.: Sveinbjörn Högnason, Helgi Jónasson, Björn F. Björnsson.

Sameinað Alþingi ályktar, að greiða skuli á þessu ári 200 þús. kr. í styrk úr ríkissjóði á landflutninga til hafnleysishéraða landsins.

Styrk þennan skal greiða á vöru- og afurðaflutninga á vegalengdum, sem eru yfir 80 km. frá innflutnings- eða útflutningshöfn, sölu- eða vinnslustað, og fer upphæðin eftir vegalengd og vörumagni í hverju einstöku tilfalli.

Nánari ákvæði um úthlutun styrks þessa skulu sett með reglugerð, er samin sé af fulltrúum kaupfélaga og verzlana í viðkomandi héruðum, og skal hún staðfest af ráðuneytinu.

Greinargerð.

Flutningskostnaður með bifreiðum, þar sem um langar vegalengdir er að ræða, er að verða einn tilfinnanlegasti útgjaldaliður bænda. Allur tilkostnaður við rekstur bifreiða hefur hækkað svo gífurlega, að annað kemst þar vart í nokkurn samjöfnuð. Leiðir það af sjálfu sér, að þau héruð, sem þessi kostnaður kemur þyngst niður á, sem sé hafnleysishéruðin, verða vart samkeppnisfær við aðra landshluta um framleiðslu og lífskjör. Hins vegar ber á það að líta, að hið opinbera leggur árlega fram stórar upphæðir til að létta undir með öðrum héruðum um flutninga þeirra og aðdrætti, svo sem í margvíslegum hafnar- og lendingarbótum, styrkjum til strandferða og flóabáta, sem stöðugt er verið að hækka, og með öðrum framkvæmdum, sem styrkja flutninga á sjó beint og óbeint. Þau héruð, sem þessa verða aðnjótandi, hafa ekki hingað til gert minni kröfur um fjárframlög til vega- og samgöngubóta á landi hjá sér en hin, sem við hafnleysið búa, og verður því ekki annað séð en að hér sé um jafnréttiskröfu að ræða, sem ekki snertir minna lífsafkomu einstaklinganna en mörg önnur svo kölluð „réttlætismál“, sem hæst er talað um nú á tímum.

Upphæð sú, sem hér er farið fram á að veitt verði á þessu ári, mun sízt of há, miðað við þá aðstoð, sem öðrum er veitt í þessu efni, þótt ekki hafi unnizt tími til að reikna það nákvæmlega, en áður en fjárlög eru samin fyrir næsta ár, ætti að mega gera sér þess nokkurn veginn nákvæma grein, hvað hæfilegt er, svo að jafnréttisaðstaða náist.